

# Fundargerð 69. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, föstudaginn 10. desember kl. 09:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 68. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 29. október sl., lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð var samþykkt samhljóða.*

### 2. Breytingarnar framundan vegna lagabreytinga - 2009015SA

Umfangsmiklar lagabreytingar til innleiðingar hringrásarhagkerfisins voru samþykktar sl. sumar. Með þeim verða viðamiklar breytingar á úrgangsstjórnun sveitarfélaga sem flestar koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Ljóst er að þessar breytingar munu auka kostnað við meðhöndlun úrgangs. Fulltrúar sambandsins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hafa rætt aðgerðir til stuðnings þessum breytingum og fjármögnun á þeim.

Lagabreytingarnar fela jafnframt í sér umtalsverðar breytingar á framleiðendaábyrgð og þar með endurgjaldi Úrvinnslusjóðs. Þær eru m.a. að það bætast við nýir vöruflokkar sem bera úrvinnslugjald auk þess sem úrvinnslugjöld eiga að ná m.a. yfir kostnað vegna sérstakrar söfnunar.

Verkefnisstjóri kynnti hugmyndir að stuðningsverkefnum vegna breyttrar úrgangsstjórnunar sveitarfélaga og helstu atriði hvað varðar breytingar á framleiðendaábyrgð sem framundan eru.

*Verkefnisstjórn tekur undir mikilvægi þess að fara í stuðningsverkefni fyrir sveitarfélögin enda er skammur tími til stefnu til að innleiða viðamiklar breytingar í söfnun og meðhöndlun úrgangs.*

*Umræðunni verður haldið áfram á næsta fundi verkefnisstjórnar.*

### 3. Nýtt viðskiptamódel Úrvinnslusjóðs - 2009107SA

Úrvinnslusjóður vinnur að gerð tillögu um hvernig greiðslur í tengslum við sérstaka söfnun gætu verið útfærðar innan viðskiptamódelis Úrvinnslusjóðs. Með breytingum á lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald skulu framleiðendur og innflytjendur vara, skv. 2. mgr. 24. gr., fjármagna og tryggja meðhöndlun vöru sem er orðin að úrgangi. Fjármögnunin skal þ.m.t. standa straum af kostnaði við sérstaka söfnun, sem og aðra söfnun úrgangsins eftir atvikum og meðhöndlun hans.

Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs, kom á fundinn og kynnti vinnu sjóðsins.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir góða yfirferð á þeim hugmyndum sem eru til skoðunar hjá stjórn Úrvinnslusjóðs. Að mati verkefnisstjórnar er mikilvægt að tryggt sé að kostnaður sveitarfélaga sem úrvinnslugjald skal standa undir skili sér alla leið til sveitarfélaga en ekki sé alltaf gengið út frá því að það fari fyrst til þjónustuaðila eins og í dag. Þannig er tryggt að sveitarfélög fái sannarlega þann kostnað bættan er úrvinnslugjald skal standa undir. Á það við um kostnað vegna sérstakrar söfnunar sem og annan kostnað sveitarfélaga er úrvinnslugjald skal standa undir. Sveitarfélögin búa yfir gögnum og upplýsingum sem gagnast í vinnu sjóðsins við að aðlaga kerfi framleiðendaábyrgðar í takt við nýju lögin og er mikilvægt að þau skili sér inn í þessa vinnu. Sambandið hefur frumkvæði að slíku samtali.

Málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi verkefnisstjórnarinnar.

### 4. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA

Sambandið og Umhverfisstofnun undirrituðu samning, dags. 8. júní, um vinnu við gerð greiningar á útfærslum á breytttri innheimtu sveitarfélaga skv. „Borgaðu þegar þú hendir“ aðferðafræði sem gerð er krafa um eftir 1. janúar 2023 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stefán Þór Kristinsson og Snjólaug Tinna Hansdóttir, sérfræðingar EFLU mættu á fundinn og kynntu drög að greiningunni.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir góða kynningu á þessu mikilvæga efni og óskar eftir að málið verði tekið fyrir að nýju þegar lokagreining verður tilbúin. Jafnframt er lagt til að verkefnið verði kynnt á opnum fundi.

### 5. Forverkefni um brennslumál - 2009109SA

Forverkefni um hátæknibrennslu til orkunýtingar úrgangs í stað urðunar hefur verið í gangi með styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við nýlega samþykka stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.

Þann 15. desember nk. verður lokafundur í fundarröðinni „Skör ofar“ sem stýrihópur verkefnisins stendur fyrir í samstarfi við sambandið. Á fundinum verða kynntar niðurstöður forverkefnisins og tillögur að næstu skrefum. Upptökur frá fyrri fundum verkefnisins eru aðgengilegar á vef sambandsins.

Verkefnisstjóri sagði frá málinu.

Verkefnisstjórn hvetur starfsfólk og kórna fulltrúa sveitarfélaga til þess að fjölmenna á lokafund verkefnisins þann 15. desember en um er að ræða mikilvægt verkefni í meðhöndlun úrgangs hér á landi.

#### 6. Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009210SA

Í nóvember 2020 gaf FENÚR, fagráð um endurvinnslu og úrgang, þýddar og staðfærðar merkingar fyrir flokkun úrgangs. Merkingarnar eru aðgengilegar án endurgjalds á heimasíðu félagsins. Merkingarnar byggja á norrænu samstarfi um samræmdar merkingar og til stendur að stofna norræn samtök um verkefnið, EUPicto. Sambandið mun skipa fulltrúa Íslands í samstarfinu en FENÚR mun áfram leiða innleiðinguna hérlendis.

Í breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs frá því í sumar er skv. 4. mgr. 10. gr. laganna gerð krafa um samræmdar merkingarnar a.m.k. fyrir pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni. Vísað er til norræna merkingakerfisins í því sambandi.

Verkefnisstjóri, sem jafnframt er formaður FENÚR, sagði frá málinu.

Verkefnisstjórnin áréttar að gerð er krafa um inneiðingu samræmdra merkinga fyrir ákveðna úrgangsflokka fyrir byrjun árs 2023 og fagnar því að formleg stofnun norræns samstarfs um þær sé að verða til.

#### 7. Önnur mál - 2009111SA

Ína B. Ársælsdóttir tilkynnti verkefnisstjórn að hún væri að fara í ársleyfi frá störfum og samhliða því fara í leyfi frá stjórn verkefnisstjórnarinnar. Var Ínu þakkað fyrir góð störf.

Ákveðið var að næsti fundur verkefnisstjórnar verði 7. janúar n.k. kl. 11:00.

Fundi var slitið kl. 11:00

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson